

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
starfsárið 2015**

Desember 2016

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	3
1. Inngangur	4
2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni.....	4
2.1 Stjórn og starfsfólk.....	4
2.2 Samstarfsaðilar	5
2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni	6
3. Útgáfa og vefir.....	8
3.1 Vef tímaritið Stjórn mála og stjórnsýsla.....	8
3.2 Vefir stofnunarinnar.....	10
4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni líðandi stundar.....	11
4.1 Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og önnur námskeið.....	11
4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar	12
4.3 Morgunverðarfundir	13
5. Fjármál stofnunarinnar.....	14
Viðauki 1. Stefnumótun Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2013-2014.....	15
Viðauki 2. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2015.....	17
Viðauki 3. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla árið 2015.....	19

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2015 var þrettánda starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og nefna ber nokkur atriði sem settu mark sitt á starfsárið.

Breytingar urðu á stjórn stofnunarinnar í ársbyrjun þegar Ómar Kristmundsson, prófessor við Stjórn málafræðideild, sagði sig frá stjórnarsetu, en hann hafði gengt formennsku stjórnar þegar hann fór í rannsóknarleyfi um mitt ár 2014. Þorgerður Einarsdóttir, prófessor í kynjafræði við Stjórn málafræðideild, sem hafði leyst Ómar af sem formaður stjórnar, hélt því áfram formennsku til ársloka 2015. Stjórn málafræðideild tilnefndi Baldur Þórhallsson, prófessor, í stjórnina í stað Ómars. Í maí tók Sjöfn Vilhelmsdóttir við sem nýr forstöðumaður stofnunarinnar, en Ásta Möller sagði starfi sínu sem forstöðumaður lausu í nóvember 2014. Í fjarveru Ástu og þar til Sjöfn tók við gengdi Gestur Páll Reynisson stöðu forstöðumanns. Hrefna Ástmarsdóttir verkefnisstjóri hjá stofnuninni var í leyfi allt starfsárið 2015, og hennar í stað kom Guðrún Eysteinsdóttir í tímabundið starf.

En þrátt fyrir mannabreytingar í stjórn og meðal starfsfólks stofnunarinnar var starfinu fram haldið í samræmi við stefnu sem samþykkt var árið 2013. Stofnunin leitaðist sem fyrr að styðja við rannsóknir og þróunarverkefni og vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin starfaði í nánú samstarfi við Stjórn málafræðideild HÍ og tvö rannsóknaverkefni komu í umsýslu hjá stofnuninni árinu: *Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs* og *Gendering the Academy and Research: Combating Career Instability and Asymmetries – GARCLA*. Stofnunin vann úttekt á verkefnum *Betri Reykjavík* og *Betri hverfi* fyrir Reykjavíkurborg á árinu en niðurstöðurnar voru kynntar í byrjun árs 2016. Útgáfa tímaritsins *Stjórn mála og stjórnsýsla* fékk aukið vægi í starfsemi stofnunarinnar með nýjum samstarfssamningi við Félagsvísindasvið um að efla útgáfu þess og skrá það í alþjóðlega gagnagrunna. Sem fyrr stóð stofnunin fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum, sem og morgunverðarfundum um málefni stjórnsýslunnar í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Einnig voru haldnir opnir fundir og málstofur um rannsóknir fræðimanna, sem og um málefni líðandi stundar í samstarfi við ýmsa aðila.

Þorgerður Einarsdóttir, formaður stjórnar 2014-2015, og Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

1. Inngangur

Stofnunin starfar í samræmi við reglur um Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í reglum stofnunarinnar segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin heyrir undir Stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Starfsemi stofnunarinnar starfsárið 2015 fylgdi sömu áherslum og fram koma í stefnu stofnunarinnar fyrir árin 2013-2014, sem samþykkt á stjórnarfundum 13. júní 2013. Eftirtalin verkefni voru þá skilgreind af stjórn sem áherslupættir í starfssemi stofnunarinnar fyrir árin 2013-2014 (sjá einnig í viðauka 1):

1. Verkefni á sviði rannsókna: Þátttaka í rannsóknum, birting rannsóknarniðurstaða með útgáfu tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýsla, stuðningur og aðstoð við fræðimenn og starf deildarinnar, starfsemi Rannsóknarborðs Stjórn málafræðideildar.
2. Efling nýsköpunar í opinberri stjórnsýslu og þjónustu.
3. Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu og stjórn mála og málefni líðandi stundar.
4. Fjármál og reglur stofnunarinnar.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á þrettánda starfsár hennar 2015.

2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni

2.1 Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skipar forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefni þrjár menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Þó nokkrar breytingar urðu á stjórn stofnunarinnar á árinu 2015. Ómar Kristmundsson sagði sig frá stjórnarsetu í byrjun árs, en hann hafði gegnt formennsku stjórnar þegar hann fór í rannsóknarleyfi um mitt ár 2014. Þorgerður Einarsdóttir prófessor, sem hafði leyst Ómar af sem formaður stjórnar, hélt því áfram formennsku til ársloka 2015. Stjórn málafræðideild tilnefndi Baldur Þórhallsson, prófessor, í stjórnina í stað Ómars, en auk Baldurs og Þorgerðar situr Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor, í stjórn sem fulltrúi deildarinnar. Aðrir í stjórn árið 2015 voru: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild HÍ, tilnefndur af rektor HÍ; Ellý Katrín Guðmundsdóttir borgarritari frá Reykjavíkurborg og Ragnhildur Arnljótsdóttir ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, báðar tilnefndar af forseta Félagsvísindasviðs. Stjórnina skipuðu því þrjár konur og þrír karlar starfsárið 2015 og er það í samræmi við ákvæði í reglum stofnunarinnar um að hlutfall hvor kyns sé ekki minna en 40% sbr. ákvæði jafnréttis laga. Stjórn stofnunarinnar hélt tvo fundi á árinu 2015, í janúar og í júní.

Sjöfn Vilhelmsdóttir tók við sem nýr forstöðumaður stofnunarinnar í maí 2015. Ásta Möller sagði starfi sínu sem forstöðumaður lausu í nóvember 2014, en hún hafði verið í leyfi frá stöfum frá því

febrúar sama ár vegna annarra starfa fyrir háskólann. Í fjarveru Ástu og þar til Sjöfn tók við, gengdi Gestur Páll Reynisson starfi forstöðumanns. Sjöfn er stjórn málafræðingur að mennt, með MA gráðu í alþjóðafræðum frá Josef Korbel School of International Studies, University of Denver, og stundar nú einnig doktorsnám við Stjórn málafræðideild HÍ.

Hrefna Ástmarsdóttir stjórn málafræðingur og meistaranemi í opinberri stjórnsýslu, sem hefur starfað sem verkefnastjóri í hálfu starfi undanfarin ár, var í leyfi allt starfsárið 2015. Hennar í stað kom Guðrún Eysteinsdóttir, leikhúsfræðingur og nemi í opinberri stjórnsýslu, í tímabundið starf hjá stofnuninni. Starfsvið verkefnastjóra er að halda utan um heimasíður á vegum stofnunarinnar auk þess að vera forstöðumanni til aðstoðar við önnur verkefni. Einnig starfaði Ásta Hlín Magnúsardóttir, nemi í opinberri stjórnsýslu, hjá stofnuninni í júní, en ráðning hennar var hluti af verkefni Vinnuálagstofnunar *Sumarstörf námsmanna*. Þá starfaði dr. Haukur Arnþórsson að verkefnum í tengslum við útgáfu vefritsins Stjórn mála og stjórnsýsla.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála er í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu.

2.2 Samstarfsaðilar

Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórn málafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. Reykjavíkurborg, ráðuneyti, Umboðsmann Alþingis og aðrar opinberar stofnanir en einnig Samband íslenskra sveitarfélaga, stjórn málaflokka, stéttarfélög og önnur félagasamtök. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Reykjavíkurborg hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mikill styrkur í efnislegu og fjárhagslegu tilliti. Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg var undirritaður 15. maí 2015 til eins árs. Samningurinn var þrjúþættur: 1. Úttekt á íbúasamráðsverkefnum borgarinnar *Betri Reykjavík* og *Betri hverfi*; 2. Stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn borgarinnar og; 3. Kynning á verklagi nýsköpunar.

Undanfarin ár hefur stofnunin tekið þátt í samstarfi um nýsköpun í opinberum rekstri með fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Félagi forstöðumanna ríkisstofnana, Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Rannís og Samband íslenskra sveitarfélaga. Markmið samstarfsins er að stuðla að nýsköpun í opinberum rekstri og styðja við rannsóknir á þróun nýsköpunar á Íslandi. Afrakstur samstarfsins hefur verið m.a. árleg ráðstefna um nýsköpun í opinberri þjónustu ásamt afhendingu nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga. Hádegisráðstefna og veiting nýsköpunarverðlauna 2015 var haldin 23. janúar á Grand hótél, en undirbúningur fyrir viðburðinn fór að mestu fram síðla árs 2014 (var gerð grein fyrir þeirri vinnu í ársskýrslunni 2014). Fyrirkomulag samstarfsins og afrakstur þess voru í endurskoðun á árinu 2015, en fyrir liggja hugmyndir um breytingar á fyrirkomlagi verðlaunasamkeppninnar og ráðstefnu. Af sömu ástæðu var samstarfssamningur stofnunarinnar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um eflingu nýsköpunar í opinberum rekstri sem rann út í árslok 2014 ekki endurnýjaður að svo stöddu.

Stofnunin á samstarf við opinbera aðila um námskeiðahald. Þar má nefna námskeið í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti í samstarfi við forsætisráðuneytið, og námskeið um opinber innkaup í samstarfi við Ríkiskaup.

Samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) hefur verið mjög farsælt og hefur leitt af sér viðamikla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Í mörgum tilvikum hefur samstarf aðila tengst viðfangsefnum einstakra ráðuneyta og skal þar fjármála- og efnahagsráðuneytisins sérstaklega getið. Samstarf stofnunarinnar og FFR árið 2015 fólst í að standa fyrir morgunverðarfundum og námskeiðum um málefni stjórnsýslunnar. Sjá nánari umfjöllun um morgunverðarfundum og námskeið sem stofnunin og FFR stóðu saman að á árinu í köflum 4.1 og 4.3 og yfirlit í viðauka 2.

Sem fyrr átti stofnunin gott og náið samstarf við Félag stjórnsýslufræðinga og Félag stjórn málafræðinga, m.a. við skipulagningu á viðburðum er varða áhugasvið aðila. Einnig stóð stofnunin fyrir málstofu á árinu með félaginu Gagnsæi, samtökum gegn spillingu. Sjá nánari umfjöllun um opna fundi um málefni liðandi stundar sem stofnunin stoð fyrir á árinu í kafla 4.2 og í viðauka 2.

Stofnunin hefur í gegnum tíðina tekið þátt í norrænu og evrópsku samstarfi stjórnsýsluskóla, en slíkir skólar bjóða grunn- og endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Hér er annars vegar átt við þátttöku í fundum Directors of Institutes and Schools of Public Administration (DISPA), sem er samstarfsvettvangur aðila sem sjá um stjórnsýslufræðslu í löndum ESB og halda þeir fund tvisvar á ári hjá forysturíki ESB hverju sinni. Einnig hafa norrænir samstarfsaðilar haft með sér sérstakt tengslanet undir heitinu Nordic Civil Service Training Institute Network. Forstöðumaður stofnunarinnar tók ekki þátt í fundum á þessum samstarfsvettvangi á árinu 2015.

2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála á árinu:

2.3.1 Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs. Rannsóknarverkefnið er vistað hjá stofnuninni síðan í maí 2015. Um er að ræða rannsóknarverkefni til fjögurra ára (2014-2017) þar sem athyglinni er beint að megingerendum í valds- og lýðræðiskerfum íslensks samfélags svo sem að löggjafanum, framkvæmdavaldinu, stjórnsýslunni, stjórn mála flokkum, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og almenningi (sjá www.vol.hi.is). Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild, stýrir rannsókninni en um 30 fræðimenn úr ólíkum deildum Félagsvísindasviðs taka þátt í verkefninu. Á árinu stóð rannsóknarverkefnið fyrir opinni ráðstefnu, sem og vinnustofu og tveimur málstofum fyrir þátttakendur í rannsóknarneti verkefnisins. Stofnunin sá um skipulagningu á þessum viðburðum og sá um rekstur verkefnisins í samstarfi við rannsóknarstjóra.

2.3.2 Gendering the Academy and Research: Combating Career Instability and Asymmetries – GARCIA. Stofnunin hefur frá því í ágúst 2015 unnið með íslensku rannsóknarteymi GARCIA og hefur umsjón með skipulagi og framkvæmd viðburða á vegum

verkefnisins og aðstoðar stjórnendur við ákveðna þætti þess. GARCIA er þriggja ára (2014-2016) samstarfsverkefni háskóla í sjö Evrópulöndum og stýra Þorgerður Einarsdóttir, prófessor, og Gyða Margrét Pétursdóttir, lektor, við Stjórn málafræðideild íslenska hluta rannsóknarinnar. Verkefnið felst í ítarlegum rannsóknum á einni háskólastofnun í hverju þáttökulandanna með það að markmiði að stuðla að jafnréttismenningu og vinna gegn mismunun og staðalímyndum.

2.3.3 Transnational cooperation for research consolidation through knowledge and innovation transfer – KnowReset. Um er að ræða verkefni sem stofnunin þróaði í samstarfi við Þjóðhagstofnun Rúmeníu (Romanian Academy – Institute for Economic Forecasting) og Hagfræðistofnun Timisoara Háskóla (West University of Timisoara – East-European Center for Research in Economics and Business). Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu og meginmarkmið þess er að skapa grunn fyrir þverfaglegt fræðilegt rannsóknarsamstarf á félags- og hagfræðilegum viðfangsefnum. Verkefnið kom að mestu til framkvæmda á árinu 2015 og stóð stofnunin m.a. fyrir sumarskóla í Reykjavík fyrir nemendur frá Háskólanum í Timisoara. Ábyrgðaraðilar verkefnisins voru Ómar H. Kristmundsson, Gestur Páll Reynisson og Erla Hlín Hjálmarsdóttir og lauk aðkomu stofnunarinnar að verkefninu í júlí 2015.

2.3.4 Úttekt á Betri Reykjavík og Betri hverfi. Stofnunin vann úttekt á verkefnum Betri Reykjavík og Betri hverfi fyrir Reykjavíkurborg á árinu en niðurstöðurnar voru kynntar í byrjun árs 2016. Úttekin var unnin samkvæmt samstarfsamningi stofnunarinnar og Reykjavíkurborgar og byggði m.a. á könnun meðal íbúa um þátttöku í og viðhorf þeirra til samráðsvefjanna, sem og könnun og viðtölum við starfsfólk borgarinnar og pólitískt kjörna fulltrúa.

2.3.5 Úttektarskýrsla fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Á vormánuðum 2014 tók stofnunin þátt í útboði á gerð úttektarskýrslu fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið um stjórnarhætti verkefnisins „Nám er vinnandi vegur“ sem var starfrækt á árunum 2011 til 2014. Vinna við skýrslugerðina stóð yfir frá nóvember 2014 fram til febrúarloka 2015 og voru endanlegar niðurstöður kynntar fulltrúum ráðuneytisins í apríl. Almenn ánægja var meðal embættismanna með niðurstöður skýrslunnar, sem gerð var aðgengileg á vef ráðuneytisins í júní 2015.

2.3.6 Rannsóknaborð. Rannsóknaborð er samstarfsvettvangur kennara Stjórn málafræðideildar og doktorsnema deildarinnar. Tilgangur rannsóknaborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórnmála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórnsýslu og stjórnmál og vera vettvangur miðlunar þekkingar og hagnýtrar reynslu. Á árinu 2015 var ákveðið að nýta rannsóknaborðsfundina til að kynna rannsóknir doktorsnema og til að miðla hagnýtum upplýsingum sem snúa að rannsóknavinnu almennt, svo sem styrkjámöguleikum og birtingum í fræðitímaritum. Tveir rannsóknaborðsfundir voru skipulagðir á haustmánuðum, en síðari fundurinn féll niður vegna forfalla annars framsögumannsins. Á heimasíðu stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is má finna upplýsingar um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórn málafræðideildar undir Rannsóknaráherslur fræðimanna.

3. Útgáfa og vefir

3.1 Veftímaritið Stjórnsmál og stjórnsýsla

Veftímaritið Stjórnsmál og stjórnsýsla hefur verið gefið út frá árinu 2005 og átti því tímaritið 10 ára starfsafmæli í desember 2015. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnsmál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tímaritið hefur á síðustu árum vaxið og eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir fræðimenn á sviði félagsvísinda. Frá upphafi til ársloka 2015 hafa birst 192 fræðigreinar í tímaritinu, 68 almennar greinar og 125 bókadómar.

Breyting var gerð á ritstjórnarstefnu tímaritsins á vormánuðum 2015. Nú er stefnan að birta aðeins fræðigreinar sem fara í gegnum ritrýni, og því ekki er lengur tekið við almennum greinum og erindum eins og áður. Einnig var tekin upp ný stefna og verklag varðandi birtingu bókadóma. Nú eru birtir einungis dómar um fræðibækur að frumkvæði ritstjórnar og því ekki lengur tekið við innsendum bókdómum. Þessar breytingar á ritstjórnarstefnunni eru liður í að fá tímaritið skráð í alþjóðlegum gagnagrunnum. Á árinu 2015 voru birtar 20 fræðigreinar og tvær almennar greinar í vefútgáfu tímaritsins.

Sem fyrr komu út tvö tölublöð í vefútgáfu árið 2015, í júní og desember og eru þau öllum aðgengileg á vefsíðunni www.irpa.is sem stendur fyrir enskt heiti tímaritsins, *Icelandic Review of Politics and Administration - IRPA*. Frá árinu 2012 hefur tímaritið komið út í íslensku og ensku vefviðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndu greinar vefútgáfunnar frá árinu áður, og kom hún út í október þetta starfsárið.

Um 125 einstaklingar og stofnanir eru áskrifendur að tímaritinu, greiða árlegt áskriftargjald og fá senda prentuðu útgáfuna. Þar af eru 10 opinberar stofnanir sem styðja útgáfuna sérstaklega með hærri styrktaráskrift. Upplýsingar frá Google Analytics sýna mikla aukningu í heimsóknum á vef tímaritsins (www.irpa.is) milli ára 2014 og 2015. Allt árið 2015 voru 17.288 heimsóknir á síðuna sem er 36% aukning frá fyrra ári. Fjöldi notenda sama tímabils var 13.082 sem er 57% aukning frá fyrra ári.

Við útgáfu veftímaritsins í júní og desember var boðið til útgáfuhófs, þar sem höfundir, eða höfundum, var gefið tækifæri til að kynna efni greinar sinnar og voru umræður á eftir. Í útgáfubodinu í desember var einnig haldið upp á 10 ára starfsafmæli tímaritsins. Í tilefni af opnun 1. tbl. 11. árg. tímaritsins 23. júní kynnti Gylfi Dalmann Aðalsteinsson grein sína sem hann skrifaði ásamt Svölu Guðmundsdóttur og Þórhalli Guðlaugssyni: *Icelandic National Culture Compared to National Cultures of 25 OECD Member States Using VSM94*. Samtals birtust sex ritrýndar fræðigreinar í tölublaðinu. Á opnun á 2. tbl. 11. árg. 17. desember kynnti Hulda Þórisdóttir grein sína sem hún skrifaði ásamt Evu Heiðu Önnudóttur: *Need for security and system fairness on the political extremes*. Samtals birtust 13 ritrýndar fræðigreinar í tölublaðinu. Í viðauka 3 má sjá yfirlit yfir greinar og höfunda efnis í 11. árgangi tímaritsins.

Í ritnefnd tímaritsins 2015 voru eftirtaldir: Gunnar Helgi Kristinsson, sem er aðalritstjóri, Baldur Þórhallsson, Margrét S. Björnsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir. Baldur og Þorgerður sögðu sig frá ritstjórn síðla árs. Umsjón með útgáfunni hafði Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðuraður stofnunarinnar, en Haukur Arnþórsson hafði umsjón með vef tímaritsins.

Hjá tímaritinu er einnig ráðgefandi ritstjórn sem og International Advisory Board. Báðar ritstjórnirnar eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams College, Guðmundur Heiðar Frímansson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna G. Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallinn University of Technology, og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla, en matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritryndar greinar sem birtast í tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla eru því metin í hæsta flokk en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu þegar á árinu 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita, og hefur náðst töluverður árangur í þeirri vinnu. Enn á tímaritið þó eftir að fá skráningu í mikilvæga grunna eins og ISI, Scopus og Erih Plu. Í árslok 2015 skrifuðu stofnunin og Félagsvísindasvið undir samstarfssamning um fjárhagslegan stuðning til þriggja ára vegna útgáfu tímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla. Meginmarkmið samstarfsins er að efla útgáfu Stjórnsmála og stjórnsýslu með því að skrá tímaritið í leiðandi alþjóðlega gagnagrunna og þannig viðhalda stöðu þess sem leiðandi fræðirit á sviði íslenskra félagsvísindarannsókna. Samningurinn hljóðar upp á 2.850 þúsund króna árlegt framlag Félagsvísindasviðs til stofnunarinnar (sem útgefanda tímaritsins) til þriggja ára. Þessi fjárhagslegi stuðningur gerir ritstjórn tímaritsins og forstöðumanni stofnunarinnar kleift að sinna utanumhaldi með útgáfunni betur og vinna að endurbótum sem eru nauðsynlegar til að fá skráningu á tímaritinu í áður nefndum gagnagrunnum.

Tímaritið er nú þegar með aðgang að eftirfarandi samtökum og kerfum, þessi aðgangur er grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnsmála sem er útgefandi veftímaritsins Stjórnsmál og stjórnsýsla fékk inngöngu í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)** með undirritun samkomulags þess efnis dags 27. júní 2013 og greiðir stofnunin árleg aðildargjöld til samtakanna. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi 2005 fengið slíkt númer.

2. Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)

Stofnun stórnáslufræða og stjórnmála sem útgefandi vefstjórnar Stjórnmal og stjórnsýsla fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** skv. netpósti frá samtökunum dags. 26. júlí 2013 og greiðir árleg félagsgjöld til samtakanna. OASPA hvetur útgefendur til að nota [Creative Commons licenses](#), sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki Creative Commons Licences kemur fram á forsíðu tímaritsins Stjórnmal og stjórnsýsla til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

3. Open Journal Systems (OJS)

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála tók í gagnid ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems kerfið (OJS) árið 2013. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar OJS kerfið. OJS kerfið var upphaflega sett upp undir stjórn háskólabókasafnsins í Stanford háskóla, en er nú þróað og því dreift í samstarfi við fjölmarga útgáfuaðila á forsendum „opinna“ sjónarmiða. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritrýna og ritstjóra og styður tvíblinda ritrýni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritrýna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina. Þá getur kerfið annast áskriftir. Google Scholar Metrics mæla með upptöku OJS fyrir tímarit sem vilja að upplýsingar um efni þeirra birtist þar samkvæmt heimasíðu þess gagnagrunns. Kerfið gefur m.a. aðgang að tölfræðilegri greiningu á dreifingu og notkun fræðigreina sem birtast í tímaritinu. Má reikna með því að greinar og nöfn höfunda skili sér mun betur út í alþjóðasamfélag fræðimanna með tilkomu kerfisins en áður var.

Tímaritið er nú þegar skráð í eftirfarandi erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **Directory of Open Access Journal (DOAJ)**;
2. **ProQuest** - undir ProQuest Political Science Journals;
3. **Google Scholar Metrics** - tímaritið hefur fengið DOI lykil á greinar sínar og hefur tekið OJS kerfið í notkun en hvort tveggja er forsenda þess að Google Scholar Metrics nemi greinar sem birtast í tímaritinu;
4. **EBSCO** - EBSCO Information Services gagnagrunnur.

3.2 Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar og upplýsingar um þau rannsóknasvið sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á. Vefur stofnunarinnar var endurnýjaður á árinu með breyttu útliti og viðtækari efnistöðum en áður. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebooksíðu og er á Twitter. Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins Stjórnmal og stjórnsýsla (www.irpa.is) eins og fram hefur komið, auk þess að hafa umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar (www.vol.hi.is).

Stofnunin hefur haldið úti vef um nýsköpun í opinberum rekstri og þjónustu í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið: www.nyskopunarvefur.is. Á vefsíðunni er mikið magn upplýsinga um nýsköpun í opinberum rekstri og verkfæri við nýsköpunarvinnu. Þar er einnig safn upplýsinga um verkefni sem voru tilnefnd til nýsköpunarverðlauna á árunum 2011-2015, eða vel yfir 100 verkefni. Auk þess má finna þar fjölmarga tengla á nýsköpunarvefi um allan heim og hægt er að

hlaða niður skýrslum og greinum um nýsköpun í opinberum rekstri. Samstarf stofnunarinnar og fjármála- og efnahagsráðuneytisins um rekstur vefsins lauk í árslok 2014, en vefurinn var áfram opin allt árið 2015 en ekki uppfærður.

4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórnsmál og málefni liðandi stundar

4.1 Stjórnsýslufræðsla í samstarfi við forsætisráðuneytið og önnur námskeið

Allt frá stofnun hefur stofnunin lagt mikla áherslu á að bjóða upp á styttri námskeið fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum. Undanfarin ár hefur verið í vaxandi mæli boðið upp á fjarnám samhliða staðnámi á námskeiðum og hafa opinberir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga sem búa á landsbyggðinni í auknum mæli nýtt sér þetta form og þannig getað sparað sér mikinn tilkostnað vegna ferðalaga og uppihalds. Árið 2015 voru allir fyrirlestrar teknir upp sem og streymdir í rauntíma sem gefur m.a. þátttakendum möguleika að sitja námskeið í fjarnámi í rauntíma sem og að fylgja námskeiðinu síðar eða til upprifjunar. Alls sóttu 218 einstaklingar námskeið stofnunarinnar á árinu, og í viðauka 2 má sjá yfirlit yfir námskeiðin.

Stofnunin hefur um árabíl staðið fyrir námskeiðum fyrir starfsfólk stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga um lög er varða stjórnsýsluna til að efla þekkingu þeirra á reglum hennar. Þessi námskeið voru sett á laggirnar m.a. að frumkvæði Umboðsmanns Alþingis og hefur stofnunin notið stuðnings, liðveislu og hvatningar embættisins í því starfi. Námskeiðin eru jafnframt skipulögð í samstarfi við forsætisráðuneytið, Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana.

Á árinu 2015 var í tólfta skiptið haldið sex vikna námskeið um stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Námskeiðið nýtur ávallt mikilla vinsælda og umsjónarmaður og aðalkennari þess árið 2015 var Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir fyrirlesara voru sérfræðingar frá Umboðsmanni Alþingis og forsætisráðuneytinu.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur kenndi tvö hálf dags námskeið á sviði stjórnsýsluréttar í samstarfi við stofnunina á árinu: *Hvernig á að ráða starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum?* og *Upplýsingaréttur almennings: Framkvæmd og túlkun upplýsingalaga nr. 140/2012*. Þessi námskeið eru reglulega í boði og eru alltaf vinsæl.

Stofnunin í samstarfi við Ríkiskaup skipulagði námskeið um opinber innkaup á haustmánuðum. Námskeiðið miðast við að auka þekkingu á lagalegu umhverfi og framkvæmd opinberra innkaupa og er ætlað forstöðumönnum jafnt sem öðrum starfsmönnum sem sjá um innkaup hjá stofnunum ríkisins og hjá sveitarfélögum. Mikil ásókn var á námskeiðið svo úr varð að það var haldið tvisvar sinnum með stuttu millibili.

Að lokum má nefna á að Svava Jónsdóttir og Hildur Friðriksdóttir, mannauðsráðgjafar hjá ProActive – Ráðgjöf og fræðslu ehf., stóðu að tveggja daga námskeiði með stofnuninni í byrjun árs um *heilsueflandi stjórnun*.

4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar

Stofnunin lagði sem fyrr áherslu að standa fyrir opnum fundum og málþingum um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórnsmál og stjórnsýslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og stjórnsmál. Alls sóttu 650 manns þessa tegund viðburða á vegum stofnunarinnar árið 2015, sem voru:

- **Skapandi þjónusta forsenda velferðar: Samvinna, hönnun og þekking.** Hádegisráðstefna og veiting nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, haldin 23. janúar 2015. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við: Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Rannís, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Undirbúningur fyrir ráðstefnuna og verðlaunaafhendinguna fór fram á síðla árs 2014 (var gerð grein fyrir þeirri vinnu í ársskýrslunni 2014), en alls bárust 147 tilnefningar í nýsköpunarsamkeppnina frá stofnunum ríkis og sveitarfélögum. Aðalfyrirlesari á hádegisráðstefnunni var Nikolaj Lubanski framkvæmdastjóri hjá Copenhagen Capacity. Aðrir framsögumenn voru: Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent í iðnaðarverkfræði við Háskóla Íslands.

- **Er íbúalýðræði leiðin til betri stjórnháttanna í íslenskum sveitarfélögum?** Opið málþing haldið 30. janúar í Norræna húsinu í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga í tilefni útkomu bókar Gunnars Helga Kristinssonar „Hin mörgu andlit lýðræðisins: Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstigunni“. Gunnar Helgi kynnt niðurstöður rannsóknar sinnar um þátttöku og vald á sveitarstjórnarstignu og þátttakendur í pallborðsumræðum voru bæjarstjórnarnir: Gunnar Einarsson í Garðabær, Regína Ásvaldsdóttir á Akranesi og Róbert Rangarsson í Grindavík.

- **Vald og lýðræði á Íslandi: 100 árum síðar.** Ráðstefna, vinnustofur fræðimanna og veiting doktorsnafnbótar, haldin 18. júní í tengslum við 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Vald- og lýðræðisrannsóknin stóð fyrir viðburðinum í samstarfi við stofnunina, Stjórnsmálafræðideild, jafnréttinefnd Félagsvísindasviðs og MARK. Aðalframsögukonur voru: Sarah Childs, prófessor í stjórnsmálafræði við Háskólann í Bristol og Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands, en í pallborði sátu fræðimenn sem taka þátt í Valds- og lýðræðisrannsókninni. Stjórnsmálafræðideild veitti Önnu G. Jónasdóttur, prófessor í kynjafræði við Háskólann í Örebro heiðurdoktorsnafnbót, en um var að ræða fyrstu heiðurdoktorsnafnbót við deildina. Einnig má nefna að Framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna veitti fjárhagslegan styrk til til að greiða fyrir undirbúningvinnu fyrir ráðstefnuna.

- **Málstofa um vernd uppljóstrara.** Haldin 29. september í sal Þjóðminjasafnsins í samstarfi við Gagnsæi, samtök gegn spillingu. Framsögumaður málstofunnar var: Paul Stephenson, fyrrum embættismaður breska dómsmálaráðuneytisins og formaður sendinefndar Breta hjá GRECO, spillingavarnardeild Evrópuráðsins.

- **Réttur til hælís á Íslandi: Flóttamaður eða hælisleitandi, skiptir það máli?** Hádegisfundur haldinn 2. nóvember í Norræna húsinu í samstarfi við Alþjóðamálastofnun HÍ. Framsögumenn voru: Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, lögmaður hjá Rétti - Aðalsteinsson & Partners og Skúli Á. Sigurðsson,

verkefnisstjóri á hælissviði hjá Útlendingastofnun. Í pallborðsumræðum tóku þátt: Líneik Anna Sævarsdóttir, nefndarmaður í Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis, Arndís A. K. Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Rauða krossinum og Guðbjörg Ottósdóttir, aðjúntk við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands.

- **Sköpunargleði í stað sníkjulífs: Siðferðileg vörn Ayns Rands fyrir kapitalismann.** Opinn síðdegis fyrirlestur Hannesar H. Gissurarsonar, prófessors við Stjórn málafræðideild, um hugmyndir og skrif Ayn Rand. Fyrirlesturinn var haldinn 5. nóvember.

- **Samspil menningar og áfallastjórnunar: Hvaða áhrif hafa menningarsjónarmið á hegðun stjórnenda í viðbúnaði og viðbrögðum vegna áfalla?** Opinn fyrirlestur Dr. Ásthildar Elvu Bernharðsdóttur þar sem hún kynnti nýútkomna bók sína sem byggir á doktorsrannsókn hennar við Stjórn málafræðideild HÍ. Fyrirlesturinn var haldinn 12. nóvember í samstarfi við Alþjóðamálastofnun HÍ.

- **Spilling í íslensku viðskipta- og stjórn málafræðingum.** Opinn hádegisfundur haldinn 27. nóvember í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga og Félag stjórnsýslufræðinga. Framsögumenn voru: Ásgeir Brynjar Torfason, lektor við Viðskiptafræðideild HÍ, Jón Ólafsson, prófessor við Íslensku- og menningardeild HÍ og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent í stjórnsýslufræðum við Stjórn málafræðideild HÍ.

4.3 Morgunverðarfundir

Stofnunin hefur, sem fyrr segir, átt mjög fjarsælt samstarf við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) mörg undanfarin ár með það að markmiði að efla fræðslu og umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Fastur liður í þessu samstarfi hefur verið að standa reglulega fyrir morgunverðarfundum á Grand hótél um málefni sem tengjast stjórnsýslufræðum og stjórnsýslu ríkisins. Fundirnir hafa verið vel sóttir, bæði af félagsmönnum FFR sem og af öðrum starfsmönnum í stjórnsýslunni og hjá samtökum og einkafyrirtækjum. Um 600 manns sóttu þessa fundi árið 2015, sem voru:

- **Umbætur í opinberri stjórnsýslu og árangur þeirra: Hvernig stendur Ísland í samanburði við önnur Evrópuríki?** Morgunverðarfundur haldinn 10. febrúar í samstarfi við FFR og fjármála- og efnahagsráðuneytið. Framsögumenn voru: Pétur Berg Matthíasson, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu; Gunnar Helgi Kristinsson prófessor í stjórn málafræði við HÍ og; Sigurður Helgi Helgason, skrifstofustjóri skrifstofu stjórnunar og umbóta hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Í pallborðsumræðum tóku þátt: Arnar Þór Másson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu, Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands og Sigríður Lilly Baldursdóttir, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins.

- **Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu: Samtal milli stjórnvalda og akademíu.** Morgunverðarfundur 27. apríl í samstarfi við FFR og Stjórn málafræðideild HÍ. Framsögumenn voru: Ragnar Árnason, prófessor við Hagfræðideild HÍ; Rúnar Vilhjálmsson, prófessor við Hjúkrunarfræðideild HÍ; Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild HÍ. Í pallborðsumræðum tóku þátt:

Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður og fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Oddur Steinarsson, lækningaforstjóri heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir alþingismaður og formaður velferðarnefndar Alþingis.

- *Fjárlagafrumvarpið 2016 og ný heildarlög um stofnanakerfi ríkisins.* Morgunverðarfundur með Bjarna Benediktssyni fjármálaráðherra, haldinn 16. september í samstarfi við FFR og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

- *Áhrif gerðardóms og nýlegra kjarasamninga á stofnanasamninga.* Morgunverðarfundur haldinn 20. október í samstarfi við FFR og Félag mannauðsstjóra ríkisins. Framsögumenn voru: Gunnar Björnsson, forstöðumaður mannauðssýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins; Erna Guðmundsdóttir, lögmaður BHM, Ásta Bjarnadóttir, ráðgjafi hjá Capacent, og Vigdís Edda Jónsdóttir, formaður Félags mannauðsstjóra ríkisins.

- *Fyrirhuguð heildarlög um stofnanakerfi ríkisins.* Morgunverðarfundur haldinn 17. nóvember í samstarfi við FFR. Framsögumenn voru: Sigurður H. Helgason, skrifstofustjóri Skrifstofu stjórnunar og umbóta í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórn málafræðideild HÍ, og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild HÍ.

5. Fjármál stofnunarinnar

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Stjórn málafræðideild greiðir leigu fyrir starfsaðstöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með samstarfsamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum, og opnum fundum, rannsóknaverkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og öðrum styrkjum.

Skráðar heildartekjur stofnunarinnar á árinu 2015 voru 41,6 milljónir sem skiptast á þrjár rekstrareiningar: almennur rekstur (23,6 milljónir); Valds- og lýðræðisrannsókn (15,8 milljónir) og; tímaritið Stjórn mála og stjórnsýsla (2,2 milljónir). Heildarútgjöld voru rétt um 26,5 milljónir. Vert er að taka fram að tilfærsla rannsóknareiknings Valds- og lýðræðisrannsóknar til stofnunarinnar í árslok 2015 skráist sem tekjur á rekstrareiningu stofnunarinnar. Um er að ræða 15,8 milljónir króna sem að lang stærstum hluta hefur nú þegar verið úthlutað til fræðimanna í verkefnum til greiða fyrir gangaöflun og nemendastyrki, sem ekki hafa enn komið til útborgunar.

Nánari greining á rekstri og fjármálum stofnunarinnar árið 2015 er að finna í greinargerð sem lögð var fyrir stjórn stofnunarinnar með kynningu á yfirliti yfir starfsemi stofnunarinnar árið 2015.

Viðauki 1. Stefnumótun Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála 2013-2014

Samþykkt á fundi stjórnar 13. júní 2013

Í þessu skjali birtast áherslur stofnunarinnar til 2013-2014 með hliðsjón af umræðu á stjórnarfundum um framtíðarmál stofnunarinnar sem var haldinn 11. október 2012.

Stofnunin er þjónustustofnun Stjórn málafræðideildar á sviði stjórn mála, stjórnsýslu og tengdra greina bæði á sviði rannsókna og kennslu. Hún stuðlar að fræðilegri og hagnýtri opinberri umræðu um stjórnsýslu og stjórn mála og hefur frumkvæði að umbótum á þessum sviðum í samvinnu við ríki, sveitarfélög og einkaaðila. Nánar tiltekið vinnur stofnunin að eftirtöldum meginverkefnum:

1. Verkefni innan Stjórn málafræðideildar
 - a. Útgáfu tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýsla.
 - b. Umsjón með rannsóknarsamstarfi innan Stjórn málafræðideildar.
 - c. Aðstoð við framkvæmd rannsókna á verkefnasviði stofnunarinnar.
 - d. Aðstoð við kennara við kynningu rannsóknarniðurstæðana.
 - e. Umsjón með einstökum námsleiðum á sviði opinberrar stjórnsýslu.
2. Verkefni í samstarfi við aðrar deildir háskólans, ríki, sveitarfélög og einkaaðila.
 - a. Umbótaverkefnum og úttektum í opinberri stjórnun og rekstri.
 - b. Umsjón með málþingum, ráðstefnum og öðrum opnum fundum um stjórnsýslu og stjórn mála.
 - c. Umsjón með námskeiðum um starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu og stjórnun opinberra stofnana.

Til að sinna stofnunin geti enn betur þessu hlutverki sínu mun hún leggja áherslu á eftirtalin viðfangsefni á árunum 2013 og 2014:

1. Verkefni á sviði rannsókna: Þátttaka í rannsóknum, birting rannsóknarniðurstæðna með útgáfu tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýsla, stuðningur og aðstoð við fræðimenn og starf deildarinnar, starfsemi Rannsóknarborðs.

- 1.1. Vinna að gerð samstarfssamninga við innlenda aðila um tiltekin rannsóknar- og þróunarverkefni.
- 1.2. Útgáfa tímaritsins Stjórn mála og stjórnsýsluna í samræmi við stefnu ritnefndar sem felur m.a. í sér:
 - 1.2.1. Umsjón með útgáfu, kynningu og dreifingu á tímaritinu.
 - 1.2.2. Vinna að skráningu tímaritsins í erlenda gagnagrunna.
 - 1.2.3. Sameina enska og íslenska útgáfu tímaritsins.
 - 1.2.4. Setja tímaritið upp í alþjóðlega viðurkenndu forriti.
 - 1.2.5. Styrkja fjárhagslega stöðu tímaritsins.
- 1.3. Útgáfa temaheftis/rits um stjórnun og rekstur ríkisstofnana. Stofnunin mun aðstoða við undirbúning ritstýrðar og ritrýndrar bókar um stjórnun og rekstur ríkisins sem byggð verður á niðurstöðum rannsókna á starfsumhverfi ríkisins. Áætlað að bókin komi út haustið 2014.
- 1.4. Finna grundvöll fyrir sameiginleg rannsóknarverkefni fræðimanna.
- 1.5. Leita að möguleikum á umsóknum í stærri rannsóknasjóði.
- 1.6. Leita að möguleikum á erlendu samstarfi um rannsóknir á sviði stjórn mála og stjórnsýslu m.a. með erlendum fræðimönnum sem koma til landsins.

- 1.7. Nýta tækifæri sem gefast til að yfirfæra þekkingu úr akademíunni til hagnýtra úrlausnarefna s.s. í átaksverkefnum stjórnvalda til að bæta stjórnásluna.
- 1.8. Áframhaldandi þróun Rannsóknarborðs
- 1.9. Umsjón og áframhaldandi þróun diplómanáms í opinberri stjórnáslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

2. Efling nýsköpunar í opinberri stjórnáslu og þjónustu.

- 2.1. Leiða starf samstarfsaðila um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnáslu í samræmi –við samstarfssamning við fjármála- og efnahagsráðuneytið 2013-2014 sem felur m.a. í sér:
 - 2.1.1. Árlega ráðstefnu um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnáslu þar sem kynnt eru nýsköpunarverkefni hjá ríki og sveitarfélögum, nýsköpunarverðlauna og viðurkenningar í opinberum rekstri.
 - 2.1.2. Þróa www.nyskopunarvefur.is
 - 2.1.3. Ráðgjöf, námskeið og kennsla um nýsköpun í opinberum rekstri.
 - 2.1.4. Rannsóknir og þróunarverkefni um nýsköpun í opinberum rekstri
 - 2.1.5. Samstarf við innlenda og erlenda aðila um nýsköpun í opinberri þjónustu og stjórnáslu.
- 2.2. Umsjón með skilgreindum hluta norræns verkefnis á sviði nýsköpunar í opinberum innkaupum í heilbrigðisþjónustu sem styrkt er af Norrænu nýsköpunarmiðstöðinni.
- 2.3. Ráðgjöf og úttektir í tengslum við þjónustusamning við Reykjavíkurborg 2013-2014.

3. Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnáslu og stjórnámál og málefni líðandi stundar

- 3.1. Auka samstarf við Stjórnásluskóla stjórnarráðsins og aðra aðila sem starfa að fræðslu opinberra starfsmanna.
- 3.2. Námskeið og fundir í tengslum við þjónustusamning við Reykjavíkurborg 2013-2014.
- 3.3. Þjófda upp á sérhæfð námskeið fyrir stjórnendur og starfsmenn stjórnáslu hjá ríki og borg/sveitarfélögum.
- 3.4. Áframhaldandi samstarf við aðila um fundi, málþing og ráðstefnur málefni stjórnáslunnar og stjórnámál.
- 3.5. Áframhaldandi upplýsingamiðlun á samskiptasíðum stofnunarinnar um stjórnámál og stjórnáslu.
- 3.6. Eiga samstarf við norræna og evrópska samstarfsaðila á sviði stjórnáslufræðslu.

Í samstarfi við Stjórnámálafræðideild:

- 3.7. Auka samstarf við ríkisstofnanir og sveitarfélög um lokaverkefni til meistaraþrófs.
- 3.8. Skoða grundvöll fyrir því að stjórnvöld geri kröfur um þekkingu forstöðumanna ríkisstofnana á sviði stjórnáslu og hvernig stjórnámálafræðideild geti komið til móts við það.
- 3.9. Leita samstarfsaðila á Norðurlöndum um nám í opinberri stjórnáslu eða við háskóla annarra nágrannalanda.
- 3.10. Skoða grundvöll fyrir sérstakri línu í diplómanámi/meistaránámi fyrir sveitarstjórnarfolk.

4. Fjármál og reglur stofnunarinnar

- 4.1. Efla fjárhagslegan grundvöll starfseminnar.
- 4.2. Afla frekari styrkja til útgáfu tímaritsins Stjórnámál og stjórnásla.
- 4.3. Vinna öflun og gerð samstarfs/þjónustusamninga við aðila í opinberri stjórnáslu.
- 4.4. Endurskoða reglur stofnunar.

Viðauki 2. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2015

Ráðstefnur, málþing og opnir fundir:

Skapandi þjónustu forsenda velferðar: Samvinna, hönnun og þekking, hádegisráðstefna og veiting nýsköpunarverðlauna og viðurkenninga í opinberri þjónustu og stjórnsýslu, haldin 23. janúar 2015. Viðburðurinn var haldinn í samstarfi við: Samband íslenskra sveitarfélaga, fjármála- og efnahagsráðuneytið, Rannís, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, og Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands. Aðalfyrirlesari var Nikolaj Lubanski framkvæmdastjóri hjá Copenhagen Capacity.

Er íbúalýðræði leiðin til betri stjórnháttu í íslenskum sveitarfélögum? Opíð málþing haldið 30. janúar í Norræna húsinu í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga í tilefni útkomu bókar Gunnars Helga Kristinssonar „Hin mörgu andlit lýðræðisins: Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstiginu“.

Umbætur í opinberri stjórnsýslu og árangur þeirra: Hvernig stendur Ísland í samanburði við önnur Evrópuríki? Morgunverðarfundur haldinn 10. febrúar í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Einkarekstur í heilbrigðiskerfinu: Samtal milli stjórnvalda og akademíu. Morgunverðarfundur 27. apríl í samstarfi við FFR og Stjórn málafræðideild HÍ.

Vald og lýðræði á Íslandi: 100 árum síðar. Ráðstefna, vinnustofur fræðimanna og veiting doktorsnafnbótar, haldin 18. júní í tengslum við 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Vald- og lýðræðisrannsóknin stoð fyrir viðburðinum í samstarfi við stofnunina, Stjórn málafræðideild, jafnréttinefnd Félagsvísindasviðs og MARK.

Kynning og útgáfubod vef tímaritsins Stjórn málafræði og stjórnsýsla. Haldið 23. júní.

Fjárlagafrumvarpið 2016 og ný heildarlög um stofnanakerfi ríkisins. Morgunverðarfundur með fjármálaráðherra haldinn 16. september í samstarfi við FFR og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Málstofa um vernd uppljóstrara. Haldin 29. september í samstarfi við Gagnsæi, samtök gegn spillingu.

Áhrif gerðardóms og nýlegra kjarasamninga á stofnanasamninga. Morgunverðarfundur haldinn 20. október í samstarfi við FFR og Félag mannauðsstjóra ríkisins.

Réttur til hælís á Íslandi: Flóttamaður eða hælisleitandi, skiptir það máli? Hádegisfundur haldinn 2. nóvember í samstarfi við Alþjóðamálastofnun

Sköpunargleði í stað sníkjulífs: Siðferðileg vörn Ayns Rands fyrir kapitalismann. Opinn fyrirlestur Hannesar H. Gissurarsonar, prófessors við Stjórn málafræðideild haldinn 5. nóvember.

Samspil menningar og áfallastjórnunar: Hvaða áhrif hafa menningarsjónarmið á hegðun stjórnenda í viðbúnaði og viðbrögðum vegna áfalla? Opinn fyrirlestur Dr. Ásthildar Elvu Bernharðsdóttur þar sem hún kynnti nýútkomna bók sína sem byggir á doktorsrannsókn hennar við Stjórn málafræðideild HÍ. Fyrirlesturinn var haldinn 12. nóvember í samstarfi við Alþjóðamálastofnun.

Fyrirhuguð heildarlög um stofnanakerfi ríkisins. Morgunverðarfundur haldinn 17. nóvember í samstarfi við FFR.

Spilling í íslensku viðskipta- og stjórn málafræðingum. Hádegisfundur haldinn 27. nóvember í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga og Félag stjórnsýslufræðinga.

10 ára starfsafmæli og útgáfubod vef tímaritsins Stjórn málafræðingum og stjórnsýslu. Haldið 17. desember.

Námskeið:

21.-22. janúar: *Framsækinn vinnustaður með heilsueflandi stjórnun* (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Svava Jónsdóttir og Hildur Friðriksdóttir mannauðsráðgjafar hjá ProActive – Ráðgjöf og fræðslu ehf.

26. janúar-4. mars: *Stjórnsýsluréttur* fyrir starfsmenn í stjórnsýslu ráðuneyta, opinberra stofnana og sveitarfélaga (12 x ½ dagur). Umsjón og aðalkennari: Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands.

6.-7. október: *Opinber innkaup* haldið í samstarfi við Ríkiskaup (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Sérfræðingar hjá Ríkiskaupum.

27.-28. október: *Opinber innkaup* haldið í samstarfi við Ríkiskaup (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Sérfræðingar hjá Ríkiskaupum.

5. nóvember: *Upplýsingarréttur almennings: Úrlausn lagalegra álitaefna* (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur.

11. nóvember: *Hvernig á að ráða starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum?* (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur.

Viðauki 3. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórnsmál og stjórnsýsla árið 2015.

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar vorið 2015:

1. **Political Control and Perceptions of Corruption in Icelandic Local Government**, Gunnar Helgi Kristinsson.
2. **Icelandic National Culture Compared to National Cultures of 25 OECD Member States Using VSM94**. Höfundar: Svala Guðmundsdóttir, Þórhallur Guðlaugsson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.
3. **Populism in Iceland: Has the Progressive Party turned Populist?** Höfundur: Eiríkur Bergmann.
4. **Sjálfsritskoðun íslenskra blaðamanna**. Höfundur: Birgir Guðmundsson.
5. **Lögin sem einingarband samfélagsins - íhuganir um samhengi laga og samfélags**. Höfundur: Arnar Þór Jónsson.
6. **Hlutverk váttryggingafélaga við úrlausn umhverfislegra vandamála**. Höfundar: Lára Jóhannsdóttir, Snjólfur Ólafsson og Brynhildur Davíðsdóttir.

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar haustið 2015:

1. **Need for Security and System Fairness on the Political Extremes**. Höfundar: Hulda Þórisdóttir og Eva H. Önnudóttir.
2. **Gæslumaður Alþingis: Breytt valdastaða forseta Íslands**. Höfundar: Björg Thorarensen og Stefanía Óskarsdóttir.
3. **Of seint, óljóst og veikt: Hvernig og hvers vegna hugmyndin um fyrsta viðkomustaðinn í heilbrigðiskerfinu hefur misst marks**. Höfundur: Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir.
4. **Iceland's External Affairs from the Napoleonic Era to the Occupation of Denmark: Danish and British Shelter**. Höfundar: Baldur Þórhallsson og Tómas Joensen.
5. **Gender Bias in Media: The Case of Iceland**. Höfundar: Valgerður Jóhannsdóttir og Þorgerður Einarsdóttir.
6. **Áhættusækni í útrásargleði: Karlar og konur í bönkum og fjármálafyrirtækjum**. Höfundar: Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir.
7. **Verkföll opinberra starfsmanna á Íslandi**. Höfundur: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson.
8. **'We are like the Poles': On the ambiguous labour market position of young Icelanders**. Höfundar: Margrét Einarsdóttir, Jónína Einarsdóttir og Guðbjörg Linda Rafnsdóttir.
9. **Upplýsingaréttur og þagnarskylda**. Höfundur: Trausti Fannar Valsson.
10. **Skipan talsmanns fyrir börn – grundvöllur ákvörðunar og framkvæmd**. Höfundar: Hrefna Friðriksdóttir og Hafdís Gísladóttir.
11. **Promoting Bank Stability through Compensation Reform: Lessons from Iceland**. Höfundar: Jay Cullen og Guðrún Johnsen.
12. **Individualistic Vikings: Culture, Economics and Iceland**. Höfundar: Már Wolfgang Mixa og Vlad Vaiman.
13. **Productivity and Institutions**. Höfundur: Gylfi Zoega.